

Kærður hefir því að álitni réttarins brotið gegn ákvæðum 1. greinar laga nr. 5 frá 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, og þykir refsing sú sem hann hefir tilunnið fyrir það eftir 3. grein laganna samanber 1. grein laga nr. 4 frá 1924 hæfilega ákveðin 15000 króna sekt til Landhelgisjórðs Íslands, með tilliti til þess að gengi íslenzkrar krónu er nú í dag þannig, að hún jafngildir 60,63 aurum gulls, og komi í stað sektarinnar 6 mánaða einfalt fangelsi ef hún verður ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, í b/v P. G. 389 „Albert Sturm“, séu upptæk og renni andvirðið í sama sjóð og sektin.

Loks greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Miðvikudaginn 3. maí 1933.

Nr. 29/1933. **Valdstjórnin** (Bjarni Þ. Johnson)

gegn

Þorvaldi Kristjáni Ólafssyni

(Lárus Jóhannesson).

Bruggun.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 18. febr. 1933: Kærði, Þorvaldur Kristján Ólafsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 12 daga og greiði 800 krónur í sekt til ríkissjóðs innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en ella komi í stað sektarinnar einfalt fangelsi í 40 daga. Framangreind bruggunartæki og áfengi skal upp-tækt og eign ríkissjóðs. Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með því að fallast má á forsendur og niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, þá ber að staðfesta

hann, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar ákvest 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt þessum málalokum verður að dæma kærða til þess að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Kærði Þorvaldur Kristján Ólafsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna, Bjarna Þ. Johnson og Lárusar Jóhannessonar, 50 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Þorvaldi Kristjáni Ólafssyni, til heimilis á Holtsgötu 17, hér í bænum, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 64, 1930, og eru málavextir þeir, er nú skal greina, eftir því sem upplýst er með eigin játningu kærðs og öðru sem fram hefir komið í málinu.

Hinn 16. þessa mánaðar gerði lögreglan, sem fengið hafði sterkan grun um að kærði bruggaði, húsleit hjá honum eftir ólöglegu áfengi og bruggunartækjum. Fann lögreglan þá hjá kærðum hálfbruggað áfengi á þrem ílátum, heiltunnu með ca. 150 lítrum, háftunnu með ca 30 lítrum og kvartel með ca. 50 lítrum. Í íbúð kærðs voru

bruggunartæki sem samanstóðu af suðubrúsa úr blikki, eimingapípu og kæli og voru tækin í notkun, er lögreglan kom, og því brugg á suðubrúsanum. Af fullbrugguðu áfengi fundust ca. 2 litrar á glerbrúsa. Sýnishorn voru tekin af áfengi þessu, sem rannsóknarstofa ríkisins hefir rannsakað og reyndist alkóhólmagið í þeim frá 10—48,8% eftir rúmmáli.

Kærði hefir kannazt við, að hann hafi bruggað framangreint áfengi og hefir hann skýrt nánar svo frá, að hann hafi byrjað að brugga skömmu fyrir jól og lagt þrisvar sinnum í samtals. Kveðst hann alls hafa fullbruggað um 15 heilflöskur auk þess sem hjá honum fannst, sem hann síðan seldi á 8 krónur flöskuna hinum og þessum, sem hann ekki hefir tilgreint.

Framangreint brot kærðs, sem ekki hefir áður svo kunnugt sé, sætt refsingu, ber að heimfæra undir 6. gr. sbr. 30. gr. og 11. gr. sbr. 32. gr. áfengislaganna nr. 64, 1930, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 12 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 800 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en ella komi í hennar stað einfalt fangelsi í 40 daga. Þá ber og að gera upptæk til ríkissjóðs bruggunartækin og framangreint áfengi og dæma kærða til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 5. maí 1933.

Nr. 132/1932. **Felix Guðmundsson** (Sjálfur)

gegn

Guðmundi Hannessyni og gagnsök

(Guðm. Ólafsson).

Meiðyrði.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. júní 1932: Framangreind ummæli skulu vera dauð og ómerk.

Stefndur, Felix Guðmundsson, greiði 100 krónur í sekt í ríkissjóð og komi í stað sektarinnar ef hún verður ekki